

	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	4.2.2016
Málsnr:	1408009
Bréfal:	5711



Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta.  
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri  
Norðurhelli 2  
221 HAFNARFIRÐI

Reykjavík, 29. janúar 2016  
Tilvisun: 2015120014  
JSn/  
Tilv. ykkar: 1408009 JOG

**Efni: Reykjanesbraut tenging við Rauðhelli/Krýsuvíkurveg, sbr. bréf umhverfis- og skipulagsráðs dags. 15.jan.2016.**

Í ofanefndu bréfi er því beint til Vegagerðarinnar að "fara nú þegar í aðgerðir við gatnamót Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar til að tryggja öryggi þeirra sem aka þar um". Síðar í bréfinu segir m.a. "reynist ekki unnt að fara í framkvæmdir nú þegar er farið þess á leit við Vegagerðina að sett verði upp ljósastýring á gatnamótunum".

Í þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2012, var áætlað að verja 1.800 m.kr. til Reykjanesbrautar sunnan Hafnarfjarðar á 2. tímabili áætlunarinnar, þ.e. á árunum 2015-2018. Í samráði við tæknideild Hafnarfjarðar hefur Vegagerðin miðað við að næsti áfangi við tvöföldun Reykjanesbrautar sunnan Kaldárselsvegar verði gerð mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg, en áætlaður kostnaður við þann áfanga er tæplega 1.000 m.kr.

Í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018, sem lögð var fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015, en hlaut ekki afgreiðslu, var lagt til að 1.000 m.kr. yrði varið til Reykjanesbrautar sunnan Hafnarfjarðar og í texta gerð grein fyrir því að næsti áfangi yrði gerð gatnamóta við Krýsuvíkurveg.

Vinna við endurskoðun samgönguáætlunar 2015-2026 fer nú fram á vegum innanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði afgreidd á yfirstandandi þingi. Ólíklegt má telja að fjárveiting til umræddra gatnamóta verði fyrir en á árinu 2018 eins og áður hefur verið gerð áætlun um. Hönnun umræddra gatnamóta liggur fyrir, en hún var gerð í nánu samráði við tæknideild Hafnarfjarðar. Þess vegna verður hægt að bjóða framkvæmdina út með skömmum fyrirvara þegar fjárveiting hefur verið ákveðin.

Vegagerðin hefur hafið athugun á því hvernig bæta megi öryggi vegfarenda um núverandi vegamót þar til mislæg vegamót verða tilbúin til umferðar. Uppsetning umferðarljósa verður m.a. til skoðunar, en einnig breikkun gatnamótanna sem gæti dregið úr slysa hættu. Vegagerðin mun leita samráðs við tæknideild bæjarins við athugun þessa, en stefnt verður að því að niðurstöður liggi fyrir á næstu mánuðum svo hrinda megi aðgerðum í framkvæmd fyrir mitt sumar.

Í bréfi umhverfis- og skipulagsráðs er óskað eftir "yfirliti Vegagerðarinnar yfir allar stærri framkvæmdir árin 2005-2015 og kostnað þeirra í eftirtöldum sveitarfélögum: Garðabæ/Sveitarfélaginu Álftanesi, Kópavogi, Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Sveitarfélaginu

Vogum". Meðfylgjandi er tafla með umbeðnum upplýsingum.

Virðingarfyllst,



Jónas Snæbjörnsson  
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Meðfylgjandi er tafla yfir framkvæmdakostnað Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu 2005-2015.